

AÐALFUNDUR 2015
Ávarp stjórnarformanns

Aðalfundur Íslandsbanka 2015

Friðrik Sophusson, stjórnarformaður

Fundarstjóri og ágætu gestir,

Á árinu 2014 náðist góður árangur í rekstri Íslandsbanka. Síðustu ár hefur markvisst verið unnið að því að styrkja grunnreksturinn með kostnaðaraðhaldi og stöðugum tekjuvexti til að varna því að bankinn sé háður óreglulegum liðum í rekstrinum. Það er mín skoðun, að gott viðhorf til bankans, sem mælst hefur í könnunum og viðurkenningum á árinu, hafi leitt til aukinna viðskipta og markaðshlutdeildar.

Hagnaður Íslandsbanka eftir skatta var 22,8 milljarðar króna. Um þriðjungur þess hagnaðar skýrist af óreglulegum liðum, svo sem virðis-breytingum útlána og hagnaði af aflagðri starfsemi sem er að mestu vegna sölu á eignum í óskyldum rekstri. Hagnaður af reglulegri starfsemi var 14,8 milljarðar króna. Búast má við að hagnaður bankans dragist nokkuð saman á næstu árum um leið og vægi óreglulegra liða í rekstri bankans minnkar.

Arðsemi og útgreiddur arður

Eiginfjárhlutfall Íslandsbanka nam 29,6% sem er afar hátt í alþjóðlegum samanburði. Arðsemi eigin fjár nam 12,8% sem verður að teljast gott í ljósi þess hve eigið fé bankans hefur farið hækkandi.

Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi er í takt við arðsemi af rekstri 100 stærstu fyrirtækja landsins síðustu ár samkvæmt greiningu Samtaka atvinnulífsins.

Eignarhaldsfélagið ISB Holding, fer með 95% eignarhlut Glitnis í Íslandsbanka og Bankasýsla ríkisins með 5% eignarhlut ríkisins. Arðgreiðslustefna bankans gerir ráð fyrir að eigendur fái allt að 40% af hagnaði bankans í arð. Frá stofnun bankans hafa þó aðeins um 7 milljarðar króna verið greiddir í arð til eigenda. Þannig hefur eigið fé vaxið, en það gerir bankanum erfiðara um vik að ná góðri arðsemi til lengri tíma lítið. Fyrir fundinum liggur tillaga um að greiða eigendum 9 milljarða króna arð, sem er tæplega 40% af hagnaði ársins.

Vaxtamunur og frekari hagræðing

Í umræðum að undanförunu hafa stór orð fallið um rekstrarhagnað bankanna. Talað er um ofsagróða og okurlánastarfsemi og fullyrst að vaxtamunur íslenskra banka sé afar hár í alþjóðlegum samanburði. Til þess að sá samanburður sé marktækur verður að líta til stærðar þeirra markaða sem bankarnir starfa á. Fjármálaráðgjöf Capacent framkvæmdi greiningu á íslenskum bankamarkaði á árunum frá 1997 til 2014. Í greiningunni kom fram að enginn banki hér á landi nái þeirri stærð sem talin hefur verið hagkvæmust í rekstri banka. Mikil stærðarhagkvæmni er í rekstri banka þar sem hann útheimtir að miklu leyti sömu umgjörð hvort sem hann þjónar 100.000 viðskiptavinum eða 1.000.000. Í greiningunni kemur fram að vaxtamunur var í lágmarki þegar viðskiptabankakerfið var stærst rétt fyrir hrun en í hámarki þegar það var minnst. Þegar málið er síðan skoðað ofan í kjölinn kemur þar að auki í ljós að vaxtamunur hér á landi er ekki umtalsvert meiri en hjá samsvarandi bönkum annars staðar.

Íslandsbanki hefur lagt sitt lóð á vogaskálarnar til að auka stærðarhagkvæmni í bankakerfinu á undanförunum árum með sameiningum við Byr, Kreditkort og Framtíðaraudi. Full ástæða er til að skoða hvort frekari tækifæri séu fyrir hendi á markaðnum í dag. Með frekari sameiningum myndi nást fram hagræðing sem skilar sér til viðskiptavina að lokum. Þá hefur bankinn tekið þátt í að auka hlut RB í þjónustu fyrir bankanna á þeim sviðum, sem hægt er að ná hagræðingu án þess að um samkeppnisárekstra sé að ræða.

Opinber gjöld og aukin samkeppni

Eitt af því sem hefur leitt til meiri vaxtamunar en ella er aukin skattlagning. Þá hafa ótekjutengd gjöld hækkað umtalsvert á síðustu árum. Ætla má að Íslandsbanki muni greiða um 10 milljarða í tímabundinn bankaskatt á því fjögurra ára tímabili sem skatturinn á að vera við lýði. Bankinn hefur nú greitt tæplega 50 milljarða króna í opinber gjöld frá stofnun hans.

Þegar skattar og önnur opinber gjöld eru ákvörðuð verður að gæta að samkeppnishæfni íslenskra banka sem mæta sifjellt meiri samkeppni frá norrænum bönkum um lán til stærstu fyrirtækja landsins. Séríslensk skattheimta nær ekki til erlendra samkeppnisaðila og því er mikilvægt að hún sé tímabundin eins kynnt hefur verið.

Eitt af því sem setur okkur skorður í samkeppni við önnur lönd er léleg lánshæfiseinkunn íslenska ríkisins og fyrirtækja hér á landi. Þótt lánskjör okkar á erlendum mörkuðum hafi skánað, vantar enn verulega á að við séum samkeppnishæf. Nú þegar kjarasamningar fara í hönd er mikilvægt að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins sýni skilning á þeirri staðreynd að viðtæk samstaða um ábyrga

fjármálastjórn, losun hafta og kjarabætur á grundvelli framleiðniukningar eru ekki einungis forsendur efnahagslegs stöðugleika heldur einnig grundvöllur betri lánskjara og þar með bættra lífskjara þjóðarinnar.

Nýtt frumvarp

Nýlega var lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki. Með því er verið að leiða að hluta til í lög á Íslandi eiginfjárlitaskipun Evrópusambandsins, svokallaða CRD IV tilskipun. Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði um samtals fjóra eiginfjáruka af fimm sem kynntir voru í Basel III staðlinum. Í frumvarpinu er einnig fjallað um stjórnarhætti, starfskjarastefnu, eftirlitskerfi með áhættu og fleira. Allar þessar breytingar eiga rætur að rekja til reynslunnar af hinu alþjóðlega hruni á fjármálamörkuðum. Með þeim eru lagðar auknar skyldur og meiri ábyrgð á herðar stjórn og stjórnenda fjármálafyrirtækja. Megintilgangur þessara breytinga er að efla traust á fjármálakerfinu og koma í veg fyrir að erfiðleikar fjármálastofnana lendi á skattgreiðendum viðkomandi landa. Breytingarnar auka hins vegar verulega vinnuálag í bönkunum og nýju reglurnar binda meira fé en hvort tveggja leiðir óhjákvæmilega til aukins kostnaðar í starfsemi þeirra.

Þrátt fyrir að reglurnar séu flestar íþyngjandi tekst vonandi vel til við að innleiða þær, en mikilvægt er að Alþingi sjái til þess að íslenskum fjármálafyrirtækjum sé hvorki settur þrengri né kostnaðarsamari starfsrammi en erlendum.

Endurskipulagningu lokið

Bankinn gefur nú út sína árlegu áhættuskýrslu. Í skýrslunni er eins og jafnan reynt að draga fram með greinargóðum hætti upplýsingar sem varpa skýru ljósi á stjórnarhætti bankans þegar kemur að innra eftirliti og áhættustýringu. Í skýrslunni er greining á þróun vanskila hjá bankanum sem vert er að gefa gaum. Á algengan og viðurkenndan mælikvarða vanskila, það er að segja lán sem eru í meira en 90 daga vanskilum eða virðisrýrð, sýnir skýrslan að þróunin til bóta hefur verið hröð undanfarin ár. Íslandsbanki kemur vel út í samanburði við evrópska banka en samkvæmt skilgreiningu Evrópska bankaeftirlitsins (EBA) á vanskilum þá var staða Íslandsbanka orðin sambærileg besta/lægsta þriðjungnum í evrópsku bankakerfi. Á þessum grunni telur bankinn sér óhætt að lýsa yfir að endurskipulagningu lánasafns bankans, sem hófst árið 2009, er nú lokið, og þau mál sem enn standa eftir verða unnin ásamt öðrum úrvinnslumálum sem ávallt geta komið upp í bankastarfsemi. Þetta er ánægjulegur árangur mikillar vinnu starfsmanna bankans.

Í skýrslunni kemur einnig fram í umfjöllun um rekstraráhættu, að bankinn finnur sífellt meira fyrir svokölluðum netárásum. Aðallega er um að ræða atvik þar sem óprúttir aðilar reyna að fá viðskiptavinum til að gefa upp lykilorð og önnur auðkenni með það að markmiði að fá aðgang að netbanka viðkomandi. Netbankinn er traustur og vel varinn en sérstakar varnir þarf ef viðskiptavinir verða fyrir því að láta glepjust og afhenda tölvuþrjótum lykjavöldin af misgáningi. Bankanum hefur tekist að komast hjá tjóni af þessum völdum og er stöðugt unnið að því að tryggja öryggi í samskiptum við bankann, meðal annars með innleiðingu öryggisstaðla, prófunum á netöryggi og öðrum úrræðum. Það er afar brýnt að íslensk stjórnvöld bregðist tímanlega og af þrótti við þessari hættu með því að styrkja stöðu þessa málaflokks í opinberri stjórnsýslu og með því að horfa á fjármálakerfið sömu augum og á aðra ómissandi upplýsingainnið landsins, til dæmis við uppbyggingu íslensku netöryggisveitarinnar Cert-IS.

Eignarhald

Í fjölmiðlum hafa verið vangaveltur um sölu Íslandsbanka. Öllum er ljóst að núverandi eigendur Íslandsbanka eru ekki framtíðareigendur hans. Þess vegna hefur verið unnið að sölu bankans undanfarin ár auk þess sem hann hefur verið búinn undir skráningu á markað. Ég vil ítreka, að mikilvægt er að Íslandsbanki verði í eigu einkaaðila sem hafa hag af því að stunda ábyrgja fjármálastarfsemi hér á landi með langtímasjónarmið og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Mikilvægt er að bankinn taki áfram þátt í að móta og þróa nýjan fjármálamarkað og efla nýsköpun og atvinnulífið í heild.

Tillögur til aðalfundar

Auk þess að afgreiða endurskoðaða reikninga bankans og taka ákvörðun um breytingar á eigin fé og ráðstöfun hagnaðar þarf á þessum aðalfundi að kjósa nýtt endurskoðunarfélag fyrir bankann, en samkvæmt lögum getur sama endurskoðunarfélagið ekki starfað lengur en í fimm ár í senn fyrir sömu fjármálastofnun. Deloitte hefur verið endurskoðunarfélag bankans sl. fimm ár og vil ég sérstaklega þakka endurskoðendum félagsins fyrir einkar gott og ánægjulegt samstarf. Fyrir fundinum liggur tillaga um hækkan þóknunar stjórnar, en þóknun fyrir stjórnarsetu hefur ekki hækkað í fimm ár. Loks er gerð tillaga um að starfskjarastefna bankans verði óbreytt.

Lokaorð

Á sl. ári fækkaði stjórnarmönnum Íslandsbanka úr níu í sjö, þegar þau María E. Ingvadóttir og Dr. Daniel Levin létu af störfum í lok sumars. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þeim samstarfið og störf þeirra í þágu bankans. Á þessum fundi verður einnig breyting á stjórn, því að John Mack, sem verið hefur varaformaður stjórnarinnar sl. fimm ár, lætur af störfum að eigin ósk. Ég vil sérstaklega færa John þakkir fyrir verðmæt störf hans, sem byggja á áratuga langri reynslu í fjármálageiranum víða um heim. John og eiginkona hans, Janne, hafa verið tíðir gestir hér á landi og ég vona svo sannarlega að þau eigi eftir að heimsækja landið í framtíðinni, þótt stjórnarstörfunum sé lokið. Samstarfsmönnum mínum í stjórn Íslandsbanka flyt ég bestu þakkir. Einnig vil ég þakka ISB Holding og Bankasýslunni, hluthöfum bankans, fyrir samstarfið síðustu ár.

Starfsmenn Íslandsbanka hafa unnið mikið og gott starf undanfarin ár og byggir sá góði árangur sem náðst hefur á þeim grunni. Rekstrarniðurstöðurnar sem Birna Einarsdóttir, bankastjóri, mun kynna hér á eftir segja þá sögu vel. Ég vil, fyrir hönd stjórnarinnar, þakka stjórnendum og starfsmönnum öllum fyrir frábært starf. Allir starfsmenn, hvar sem þeir eru staðsettir í bankanum, í framlínu eða bakvinnslu, vinna sem ein heild að því að bjóða viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu hvort sem þeir hyggjast ávaxta fé sitt eða fá lán fyrir húsnæðis kaupum svo dæmi séu tekin. Helsta samfélagslega skylda Íslandsbanka er traustur rekstur sem byggir á heilbrigðum viðskiptaháttum. Bankinn er í þeirri mikilvægu stöðu að geta verið hreyfiafl fjárfestinga, einkaframtaks, reksturs og nýsköpunar. Með því að starfrækja hlutverk sitt af alúð, fagmennsku og metnaði getur Íslandsbanki lagt sitt af mörkum til að efla hag komandi kynslóða og stuðla að framförum í samfélaginu. Það gerir hann með því að sýna ábyrgð og vera fyrirmynd annarra fyrirtækja og stofnanna í íslensku samfélagi.